

Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Trjá- og skógræktarsjóð fri- 98
kirkju Reyðfirðinga“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkju- 18. maí
málaráðherra 18. maí 1943.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Trjá- og skógræktarsjóð frikirkju Reyðfirðinga.

1. gr.

Sjóðurinn skal heita Trjá- og skógræktarsjóður frikirkju Reyðfirðinga.

2. gr.

Sjóðnum skal varið til stuðnings og örvunar trjá- og skógræktar innan Reyð-
arfjarðarhrepps hins forna, nú Reyðarfjarðar-, Helgustaða- og Eskifjarðarhreppur.

3. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörzlum Skógræktarfélags Austurlands. Sér það um
ávöxtun hans og úthlutun styrkja úr honum þegar þar að kemur.

4. gr.

Sjóðurinn er 1. janúar 1942 kr. 3398.36, sem liggja í sparisjóðsbók nr. 2535 í
Útibú Landsbankans á Eskifirði. Sjóðurinn skal ávaxtast í tryggum verðbréfum,
svo sem ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum og veðdeildarbréfum. Þegar ár-
legir vextir eru orðnir kr. 600.00 má byrja að veita 500 króna styrk í einn af
hinum þrem hreppum, fyrsta árið í Reyðarfjarðarhrepp, annað árið í Helgustaða-
hrepp og þriðja árið í Eskifjarðarhrepp og skal svo sama röð endurtekin áfram.

5. gr.

Styrknum má aðeins verja til kaupa á girðingarefni og trjáplöntum, svo og ef
borga þarf verkstjóra eða ráðunaut. Öll önnur vinna verður að vera gefins eða
greiddast annars staðar frá.

6. gr.

Aðaltilgangur sjóðsins er að stuðla að því að komið verði sem víðast upp trjá-
görðum við bæi og býli í sveitum og hús í þorpunum.

7. gr.

Hreppsnefnd í viðkomandi hreppi sækir um styrkinn í hvert skipti, skiptir
honum í tvennt og ákveður hverjir fá hann af þeim, sem um hann hafa sótt það
ár. Tvö heimili í sama hreppi verða því aðnjótandi styrksins á sama ári. Noti ekki
einhver af hreppunum styrkinn það ár, sem hann átti kost á honum, má Skógrækt-
arfélag Austurlands nota hann til sinnar starfsemi.

8. gr.

Nú vill einhver af hreppunum nota styrkinn til skógræktar á einum stað í
hreppnum, og má hann það, ef meiri hluti ábúenda í sveitinni eða húseigenda í
þorpinu óska þess. Sama gildir ef allir þrjú hrepparnir vilja byrja skógrækt í fé-
lagi. Undir slíkur kringumstæðum má safna styrknum í allt að þrjú ár, ef árs-
styrkurinn þætti of lítill að byrja með. Í þessu tilfelli gilda einnig ákvæði 5. gr.

98

18. maí

9. gr.

Skógræktarfélag Austurlands hefur eftirlit með að fénu sé varið eins og ætl-
ast er til í þessari skipulagsskrá, og getur það falið eftirlitið trúverðugum manni í
hverjum hreppi. Sem þóknun fyrir eftirlitið má nota, ef með þarf, þær kr. 100.00,
sem afgangs eru af ársvöxtunum, annars falla þær til Skógræktarfélags Austur-
lands.

10. gr.

Ef deila kynni að rísa út af skiptingu styrksins eða öðru, sem skipulagsskrá
þessi fjallar um, skulu slík mál borin undir Skógræktarfélag Austurlands, sem
leggur á þau fullnaðarúrskurð.

11. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisvaldsins á skipulagsskrá þessari.

12. gr.

Skipulagsskrá þessi er í 5 samritum, hvar af Stjórnarráðið fær eitt, Skóg-
ræktarfélag Austurlands eitt og hinir þrjú hreppar sitt hver.

Reyðarfirði, 22. desember 1942.

Árni Jónasson.

Oddur Bjarnason.

Kristinn Beck

e. u. (handsalað).

99

18. marz

REGLUGERÐ

um hreinsun reykháfa í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Bæjarstjórnin skipar sótara í Seyðisfjarðarkaupstað og ákveður laun hans.

2. gr.

Sótari skal hreinsa alla reykháfa í kaupstaðnum tvisvar á ári, vor og haust,
eftir nánari ákvörðun slökkviliðsstjóra og undir yfirstjórn hans. Að síðari hreinsun
lokinni skal hann gefa skýrslu um hreinsunina í því formi, sem slökkviliðsstjóri
ákveður.

3. gr.

Áður en sötun hefst, skal sótari tilkynna húsráðendum daginn áður, hvenær
hún fari fram, og er þeim þá óheimilt að hafa eld í eldfærum á þeim tíma, sem
sötun er fyrirhuguð.

4. gr.

Hver húsráðandi skal skyldur til að greiða árlega hreinsunargjald til bæjar-
sjóðs, kr. 5.00 fyrir hvern reykháf, sem honum tilheyrir. Álag greiðist á gjald þetta
samkvæmt vísitölu kauplagsnefndar, eins og hún er í janúar ár hvert. Gjald þetta
greiðist á gjalddögum bæjargjalda og fylgir því lögtaksréttur.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi, og skulu hreinsunargjöld greiðast sam-
kvæmt henni í fyrsta skipti árið 1943.